



Auglýsing um skipulagsmál í Þingeyjarsveit

Breyting á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. janúar 2023 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022 og að hún skildi auglýst skv. 31 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsáformin fela í sér skilgreiningu lagnaleiðar frá Þeistareykjum að Kópaskerslínu. Áformað er að leggja 7,8 km langan jarðstreng í vegkant gamla Þeistareykjavegar frá tengivirki við Þeistareyki, til norðurs að Kópaskerslínu.

Tillagan með umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofum sveitarfélagsins. Tillagan er auglýst með umsagnarfresti frá og með miðvikudeginum 1. febrúar til og með miðvikudeginum 8. mars 2023. Umsagnir við tillöguna skulu berast skipulagsfulltrúa á netfangið atli@thingeyjarsveit.is eða skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn.

skipulagsfulltrúi